

SAFNA NÓTT

FÖSTUDAGINN 8. FEBRÚAR 2019

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS, GARÐATORGI 1. OPIÐ HÚS KL. 18:00-23:00.

Sýningarnar: Safnið á röngunni með Einari Þorsteini, OG ANDEFNI - vinnustofusýning í anddyrinu

Kl. 19.00, 20.00, 21.00 og 22.00 Skuggateiknismiðjur

Boðið verður upp á skuggateiknismiðju í tengslum við sýninguna *Safnið á röngunni með Einari Þorsteini*. Ljósahönnuðir frá fyrirtækinu Myrkraverk umbreyta sýningunni í spennandi skuggaspil. Mörg verka arkitektsins og hönnuðarins Einars Þorsteins Ásgeirssonar varpa frá sér flóknum og spennandi skuggum og ætla systkinin og myndlistarmennirnir Baldur og Birna Björnsson að leiðbeina þátttakendum inn í það spil. Með teikniáhöld að vopni býðst gestum að teikna upp skuggana og kynna formheimi Einars Þorsteins.

BESSASTAÐIR, OPIÐ HÚS KL. 19:00-22:00

Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu og kirkjuna. Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnámstíð. Fyrsti forsetabíll lýðveldissögunnar, Packard bifreið Sveins Björnssonar árgerð 1942, mun standa í hlaði Bessastaða.

BURSTABÆRINN KRÓKUR, OPIÐ HÚS KL. 18:00-23:00

Krókur á Garðaholti er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Ratleikir fyrir börn, leiðsögn um húsið. Bílastæði við samkomuhúsið á Garðaholti.


BÓKASAFN GARÐABÆJAR, OPIÐ HÚS KL. 18:00-23:00

Ratleikur bókasafnsins á Safnanótt. Leiðin liggur meðal annars inn í draugalegan helli. Dregið verður á klukkutíma fresti á milli kl. 20:00-22:00 í afgreiðslunni úr innsendum lausnum í ratleiknum.

- Kl. 18:00** Leiðsögn um bókasafnið, safnið skoðað og fræðsla um starfsemi safnsins
- Kl. 18:30** Skólakór Sjúalandsskóla tekur nokkur lög undir stjórn Ólafs Schram
- Kl. 19:30-21:30** Axlanudd fyrir gesti, tímapantanir frá kl. 18:00
- Kl. 20:00** Geðveikar húsmæður, erindi heldur Harpa Rún Kristjánsdóttir, bókmenntafræðingur og bóndi
- Kl. 20:00-22:00** Hrönn spáir í spilin, tímapantanir á staðnum frá kl. 18:00
- Kl. 20:30** Nemendur í rytmadeild Tónlistarskóla Garðabæjar spila
- Kl. 21:30** Jón Jónsson tónlistarmaður spilar og syngur

Verið velkomin í söfnin!

Upplýsingar um dagskrá á gardabaer.is



VETRARHATID.IS

#VETRARHATID